

9.apríl 2024

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Fundur var haldinn í sóknarnefnd Njarðvíkursóknar þriðjudaginn 9. Apríl 2024 kl. 16:30-18. Samþykkt var að fela formanni sóknarnefndar, Silju Dögg Gunnarsdóttur að koma á framfæri mótmælum til Umhverfis- og Skipulagsráðs Reykjanesbæjar vegna lokunar á Reykjanesvegi, sunnan megin við kirkjuna.


Tilgangur lokunarinnar er eflaust að auka umferðaröryggi fyrir gangandi vegfarendur á þessum stað, en það er skoðun sóknarnefndar að hægt sé að ná því markmiði með öðrum leiðum, t.d. hraðahindrun.

Lokun á Reykjanesvegi, við kirkjuna, skapar að okkar mati aukna slyshættu og óhagræði á umferð þegar margir kirkjugestir reyna að taka vinstri beygju inn á Njarðarbraut, t.d. eftir útfarir. Líkíllinn nær ekki að taka þessa þröngu vinstri beygju og þarf því að fara miklar krókaleiðir til að komast áleiðis í kirkjugarðinn, sem er óásættanlegt.

Njarðvíkursókn óskar eftir því að USK endurskoði þessa ákvörðun og sú breyting sem verður gerð sé unninn í samvinnu við sóknarnefnd.

Virðingarfyllt,

F.h. Sóknarnefndar Njarðvíkursóknar,



Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður

Njarðvíkursókn
660169-5639
Brekustíg 13
260 Reykjanesbæ